

Á 287. fundi menningar- og ferðamálaráðs þann 28. ágúst 2017 lagði fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í menningar- og ferðamálaráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi þess að rakaskemmdir og mygla í byggingum Reykjavíkurborgar eru nú að koma fram í tugum og jafnvel í hundruðartali með þeim alvarlegu aukaverkunum að margt fólk sem að starfar í þeim húsnæðum veikist vegna nálægðar við myglu. Er óskað er eftir því að sviðsstjóri Menningar og ferðamálaráðs geri lista í samráði við sína forstöðumenn sem stýra og hýsa starfssemi Menningar og ferðamálaráðs hvar sé grunur og eða/staðfest að um rakaskemmdir og myglu sé að ræða og hvar ekki. Einnig er óskað eftir upplýsingum hvort á einhverjum af þessum starfsstöðvum starfsfólk sé búið að vera að kljást við veikindi þar sem grunur leikur um að valdurinn sé nálægð við myglu. Þessi fyrirspurn á því við allar stofnanir Menningar og ferðamálaráðs s.s. Borgarbókasafn Reykjavíkur og stafsstöðvar þess, Listasafn Reykjavíkur og starfsstöðvar þess, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergi og Borgarsögusafn Reykjavíkur.